



# Ársskýrsla TM 2010



## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns og forstjóra	4
Samkeppni og þjónusta	8
Sjávarútvegur og forvarnir	9
Fjárfestingar	12
Þróun tjónakostnaðar	16
Rekstrarkostnaður	17
Skipurit	20
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	22
Áritun óháðs endurskoðanda	24
Rekstrarreikningur	26
Yfirlit um heildarafkomu	27
Efnahagsreikningur	28
Eiginfjáryfirlit	29
Sjóðstreymi	30
Skýringar	31



## Ávarp stjórnarformanns og forstjóra



Eva B. Helgadóttir,  
stjórnarformaður

Ársins 2010 verður minnst sem tíma óvissu, efnahagsþrenginga og hafta í íslensku efnahagslífi. Ytri aðstæður til fyrirtækjarekstrar, vaxtar og uppbyggingar hafa í lengri tíma ekki verið erfiðari á Íslandi. Það er því sérstætt en um leið ákaflega ánægjulegt að við slíkar aðstæður skuli TM skila sínum besta árangri í váttryggingarekstri um árabíl.

Árangurinn er ekki tilviljun heldur afrakstur skýrrar sýnar sem mörkuð var á árinu 2008. Það hefur ekki verið átakalaust að stýra fjárfestingastarfsemi félagsins né að innleiða ný viðmið í verðlagningu og áhættumati. Það hefur hins vegar tekist og því er TM í fremur litlum hópi fyrirtækja á Íslandi sem standa traustum fótum, eftir þrengingar síðustu ára.

Mikill viðsnúningur er á váttryggingarekstri félagsins frá síðasta ári. Í sögulegu samhengi hafa samdráttarar verið tryggingafélögum hagfelld hvað varðar tjónaþróun. Það eitt skýrir þó ekki þær umbætur sem náðst hafa í rekstri TM, fleira kemur til. Samstaða starfsmanna félagsins um markmið ársins 2010 var einstök. Allir lögðust á eitt við að ná settu marki. Það skilaði sér í því að samsett hlutfall félagsins er nú 95% sem þykir mjög góður árangur í alþjóðlegum samanburði.

En hvað tekur við þegar háleit markmið hafa náðst? Áfram skal haldið. Markmið sett hærra og meiri tími gefst til þess að huga að þeim þáttum sem geta aukið samkeppnisforskot. Stefna félagsins, markmið og verkefni tengd þeim eru nú endurskoðuð örvar en áður. Metnaður stjórnenda og starfsmanna stendur til þess að TM sé leiðandi í öllum grunnstöðum váttryggingarekstrar og félagið hafi á hverjum tíma traustar fjárhagslegar stoðir, tryggja viðskiptavinum og starfsmenn. Helstu verkefni hvað það varðar eru eftirtalin:

### Þróun í takt við breytilegar aðstæður

Váttryggingarekstur er um margt flókinn og innri og ytri aðstæður eru síbreytilegar. Því er lykilatriði að starfsmenn félagsins hafi á hverjum tíma þekkingu, hæfni og styrk til þess að ná framúrskarandi árangri í verkefnum sínum. Skiptir þar engu hvort átt er við þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina, verðlagningu, áhættumat, vöruþróun, almennan rekstur eða fjárfestingar. TM ætlar að byggja upp öflugt þjálfunarkerfi fyrir alla söluráðgjafa, sem lýkur með vottun. Þannig er tryggt að ráðgjafar TM veiti hverjum viðskiptavini bestu þjónustu og ráðgjöf sem völ er á hverju sinni.

### Traust samband við viðskiptavini

Traust er grundvöllur allra viðskipta og á það ekki síst við í váttryggingaviðskiptum þar sem viðskiptavinurinn kaupir tryggingu, óáþreifanlega vöru sem hann vonast til að þurfa ekki að nýta sér, þ.e. að ekki komi til tjóns. Þar sem langur tími getur liðið á milli þess að viðskiptavinur upplifi raunverulegt virði vöru og þjónustu er mikilvægt að hann fái reglubundið skýr skilaboð. Þannig má byggja upp traust viðskiptasamband yfir lengri tíma. TM hefur lagt mikla vinnu í það að byggja upp tryggðarkerfi fyrir viðskiptavinum og hefur það verið virkt um nokkurt skeið. Það sýnir sig að viðskiptavinir kunna að meta slíka þjónustu. Fjölmargir tryggir viðskiptavinir TM hafa nú beinan aðgang að sínum váttryggingaráðgjafa sem annast þeirra

mál allt árið um kring. Kostir þessa eru ótvíræðir. Ráðgjafinn hefur innsýn í aðstæður viðskiptavinarins og getur því fyrr bent á lausnir þegar aðstæður breytast og tryggt að kjör séu í takt við virði viðskiptanna. Tryggð þessara viðskiptavina við félagið er mikil. Gagnkvæmt traust byggir upp langtímasamband sem er grundvallaratriði svo að rekstur TM megi vaxa og dafna til framtíðar.

### Vel útfærðar lausnir og samkeppnishæft verð

Hörð verðsamkeppni er á íslenskum váttryggingamarkaði og viðskiptavinir njóta góðs af því í lægra verði. Á sama tíma er það áhyggjuefni hversu ráðgjöf miðlara og sölumanna getur á stundum verið ábótavant. Of mörg dæmi eru um að göt séu í vernd viðskiptavina vegna óvandaðra vinnubragða. Svar TM við þessum vanda hefur verið að leggja megináherslu á að klæðskerasniða lausnir handa hverjum viðskiptavini. Einnig hefur verið lögð mikil vinna í frekari framþróun ferla er snúa að áhættumati og verðlagningu viðskipta. Sú vinna hefur skilað því að TM er vel samkeppnisfært, bæði í verði og þjónustu, sem meðal annars staðfestist í því að viðskiptavinir TM eru þeir ánægðustu á tryggingamarkaði árið 2010.

### Vel skilgreindir fjárfestingaferlar

Umhverfi fyrir fagfjárfesta á Íslandi er mjög sérstakt um þessar mundir. Fjárfestingakostirnir eru ekki margir þar sem hlutabréfamarkaður er aðeins svipur hjá sjón frá því sem áður var og gjaldeyrishöft gera nýjar erlendar fjárfestingar ómögulegar. TM hefur undanfarin ár byggt sig upp sem fagfjárfestir og hafa allir ferlar í kringum eignastýringu og val á fjárfestingakostum verið rækilega skilgreindir. Fjárfestingastefna félagsins er vel skilgreind og hefur stjórn tekið virkan þátt í því ferli. Það hefur sýnt sig að slík vinnubrögð hafa leitt til meiri stöðugleika í ávöxtun fjármuna. Skýr stefna félagsins í því hvernig horft er á fjárfestingaæignirnar hefur sannað gildi sitt og gefið góða ávöxtun. Að því sögðu er rétt að benda á að efnahagsástandið gerir það að verkum að eldri fjárfestingar og útlán hafa rýrnað mikið og skýra að stærstum hluta slaka afkomu af fjárfestingastarfseminni á árinu.

Standard & Poor's gaf út nýtt mat á TM í desembermánuði 2010 þar sem horfur í rekstri félagsins voru færðar úr stöðugum í jákvæðar. Þetta er starfsmönnum félagsins gríðarleg hvatning og viðurkenning á því starfi sem unnið hefur verið undanfarið. Í skýrslunni er sérstaklega undirstrikað að grunnrekstur félagsins sé að batna mikið og fjárhagsstaða þess sé sterk.

Nú sem fyrr mun TM leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að uppbyggingu og uppgangi á Íslandi. Það verður best gert með fjárfestingum í íslenskum atvinnurekstri ásamt því að tryggja áframhaldandi traustan grunnrekstur. Það er mikilvægt fyrir samfélagið að váttryggingafélög séu vel rekin og stöndug, þau njóti trausts, styðji við viðskiptavinum sína og samfélagið í heild.

Eva B. Helgadóttir  
Sigurður Viðarsson



Sigurður Viðarsson,  
forstjóri



## Ragnheiður D. Agnarsdóttir Samkeppni og þjónusta



Ragnheiður D. Agnarsdóttir  
framkvæmdastjóri Einstaklings-  
þjónustu og Samskiptasviðs

### Harðar samkeppnisaðstæður

Árið 2010 einkenndist af harðri verðsamkeppni á einstaklingsmarkaði. Meginviðfangsefnið var því að finna jafnvægi milli afkomumarkmiða og markmiða um fjölda viðskiptavina. Afkomumarkmiðið náðist, nokkuð á kostnað fjölda viðskiptavina. Aukin sala á síðari hluta ársins gefur þó tilefni til bjartsýni.

Starfsfólk TM sýndi að það er vel í stakk búið til þess að takast á við erfiðar markaðsaðstæður. Nýjar áherslur og vinnulag við verðlagningu og áhættumat voru innleiddar af fullum krafti á árinu og skilaði það, ásamt hagfelldum ytri aðstæðum og framúrskarandi þjónustu starfsmanna og umboðsmanna TM, þeim rekstrarárangri sem nú liggur fyrir.

Starfsmenn TM eru undirstaða velgengni félagsins; styrkur TM ræðst af styrk þeirra á hverjum tíma. Með það að leiðarljósi hefur verið lögð sífellt meiri áhersla á að þróa þekkingu og hæfni starfsmanna. TM skólinn hefur gegnt lykilhlutverki í því sambandi en einnig hefur mikil vinna verið lögð í að þróa innri upplýsingamiðlun. Starfsmenn TM hafa aldrei verið betur upplýstir um stefnu, markmið, árangur og framtíðarsýn félagsins og á árinu 2010. Það hefur öðru fremur skilað því að starfsmenn eru mjög tryggir TM og ánægðir í starfi. Í vinnustaðgreiningu Capacent, sem framkvæmd var á fyrri hluta ársins 2010, kom í ljós að 71% starfsmanna eru helgaðir fyrirtækinu, þ.e. eru bæði tryggir og ánægðir í starfi. Að meðaltali eru 48% starfsmanna annarra íslenskra fyrirtækja helgaðir sínu fyrirtæki.


### Gagnkvæmt traust og ánægja

Enginn vafi er á því að sterk tengsl eru á milli tryggðar og ánægju starfsmanna og ánægju viðskiptavina TM. Það var því mikið fagnaðarefni að viðskiptavinir TM voru þeir ánægðustu á tryggingamarkaði árið 2010. Hjá TM er litið svo á að viðurkenningin sé komin aftur heim enda hefur titillinn fallið TM í hlut í 10 skipti af þeim 12 sem mælt hefur verið.

### Tækifæri til frekari aðgreiningar

Eins og oft er raunin með verðdrifna markaði, er mikil áskorun í því fólgin að aðgreina fyrirtæki í hugum neytenda með öðrum þáttum en verði. TM býr að miklum verðmætum á því sviði, bæði hvað varðar vörumerki og orðspor um þjónustu. Hér eru raunveruleg verðmæti sem mikil vinna er lögð í að varðveita og þróa. Lögð er áhersla á að markaðsefni félagsins kallist ávallt sterkt á við styrkleika og framtíðarsýn TM. Ljóst er að fjölmörg tækifæri liggja til frekari aðgreiningar á íslenskum váttryggingamarkaði. Stöðug þróun nýrra lausna og þjónustuleiða fyrir viðskiptavinir TM er daglegt viðfangsefni starfsmanna og mun tryggja stöðu TM sem framúrskarandi þjónustufyrirtækis sem rekið er á traustum grunni.

### Íslenska ánægjuvugin



Íslenska ánægjuvugin mælir ánægju viðskiptavina íslenskra fyrirtækja

## Hjálmar Sigurbórsson Sjávarútvegur og forvarnir

### Bætt heilsa sjómanna

Þjónusta við sjávarútveg hefur verið mjög stór þáttur í starfsemi TM frá upphafi félagsins og er enn þann dag í dag mjög mikilvægur þáttur. Með tilkomu Forvarnarsviðs TM árið 2006 var þjónusta við viðskiptavinir félagsins aukin enn frekar; frá árinu 2008 hefur verið mjög skörp áhersla lögð á forvarnarstarf tengt sjávarútvegi. Áhersla hefur verið lögð á bættu heilsu sjómanna en í dag taka fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki þátt í slíkum verkefnum, sem leidd eru af TM. Forvarnarstarf af þessu tagi er í eðli sínu langhlaup og var það skilgreint sem slíkt í upphafi. Starfið hefur verið í stöðugri þróun eftir því sem reynslan hefur vaxið og þarfir viðskiptavina hafa verið betur skilgreindar. Óhætt er að segja að snert sé á mörgum þáttum en sem dæmi má nefna heilsufarmælingar sjómanna, námskeið og ráðgjöf fyrir skipskokka, námskeið fyrir maka sjómanna, öryggismál um borð í skipum og fleira.

### Slysum og veikindadögum fækkar

Segja má að árið 2010 hafi markað nokkur þáttaskil í forvarnarstarfi tengdu sjávarútvegi því mælanlegur árangur náðist á árinu, bæði slysum og veikindadögum sjómanna fækkaði hjá þeim útgerðum sem lengst og best hafa sinnt þessum málum. Dæmi eru um að veikindalaunakostnaður einstakra útgerða hafi lækkað um tugi milljóna á milli ára og er engin önnur skýring nærtækari en sú að öflugt forvarnarstarf hafi þannig skilað sér með augljósum hætti. Þetta er þó einungis einn angi af þeim ávinningi sem bætt heilsa hefur í för með sér; af þessu leiðir sparnaður fyrir almanna-tryggingakerfið og betri líðan starfsmanna sem skilar sér í mun meiri lífs-gæðum til lengri og skemmri tíma litið.

Áhugi sjávarútvegsfyrirtækja á forvarnarstarfi TM fer mjög vaxandi. Má í því sambandi nefna að sjávarútvegsfyrirtæki sem ekki eru í viðskiptum við TM hafa leitað eftir slíku samstarfi en stefna félagsins er að veita þjónustu á sviði forvarna fyrst og fremst til viðskiptavina TM.

### Vaxandi markaðshlutdeild í sjávarútvegstryggingum

TM hefur verið leiðandi sem váttryggjandi sjávarútvegs á Íslandi síðustu áratugi, hvort heldur sem litið er til þjónustu, vörubrúnar eða markaðshlutdeildar. Undanfarin ár hefur markaðshlutdeild TM í skipatryggingum vaxið en sem dæmi um það var markaðshlutdeild TM 52% á árinu 2004 en hafði aukist í 58% á árinu 2009. TM hefur undanfarin ár hægt og bítandi haslað sér völl í skipatryggingum erlendis. Í upphafi var aðallega um að ræða hagsmuni íslenskra útgerðaraðila erlendis en að auki hefur TM tryggt hagsmuni erlendra aðila og hefur orðið talsverð aukning þar síðustu ár. Þessi viðskipti voru mjög vaxandi fyrir hrun en eftir hrun kom talsverður afturkippur. Þau jukust hins vegar aftur árið 2010, þegar um það bil 25% af iðgjöldum skipatrygginga TM á árinu komu erlendis frá. Fram til þessa hefur verið góð afkoma af erlendum skipatryggingum og mun TM áfram leitast við að þróa þau viðskipti frekar og auka umfang þeirra í framtíðinni.



Hjálmar Sigurbórsson,  
framkvæmdastjóri  
Fyrirtækjapjónustu



# Garðar Þ. Guðgeirsson

## Fjárfestingar




**Garðar Þ. Guðgeirsson,**  
framkvæmdastjóri Fjárfestinga og  
viðskiptaþróunar

### Góður árangur í erfiðu árferði

Árið 2010 var krefjandi í fjárfestingastarfsemi TM. Ört lækkandi vextir, styrking krónunnar og almennur hægagangur í efnahagslífinu gerðu það að verkum að erfitt var að finna fjárfestingum félagsins farveg. Slíkar aðstæður á mörkuðum eru rekstri váttryggingafélaga þungbærar, enda ávöxtun fjármuna grundvallarþáttur í starfsemi þeirra. Markmið fjárfestingastarfsemi váttryggingafélaga eru fyrst og fremst tvenns konar:

- Að vernda eignir á móti váttryggingaskuld (bótasjóði), enda er það fé í raun eign tryggingatakanna, þó það staldri við um stund í sjóðum váttryggingafélags.
- Að ná sem bestri áhættuveginni ávöxtun á það umframfé sem ekki tilheyrir bótasjóðunum.

Ofgangreind markmið gera það að verkum að horft er á fjárfestingaeignir TM í tvennu lagi: Öruggar eignir á móti váttryggingaskuld, einkum handbært fé og skuldabréf, og áhættumeiri eignir til ávöxtunar eigin fjár, s.s. hlutabréf og vogunarsjóðir. Skipting fjárfestingaeigna TM eins og hún stóð í lok árs 2010 er á mynd 1 og eins og sjá má vega handbært fé og skuldabréf þungt í eignasafninu. Á árinu 2010 náðist einmitt áberandi góður árangur í stærsta einstaka eignaflokki félagsins, ríkisskuldabréfum, þar sem ávöxtun var um 15% sem er vel yfir viðmiðsvísitölum.



Mynd 1: Skipting fjárfestingaeigna TM í árslok 2010.

### Fagmennska í fjárfestingum

Hjá Tryggingamiðstöðinni er fjárfestingastarfsemi sinnt af kostgæfni og fagmennsku. Mikil vinna hefur verið lögð í að byggja TM upp sem fagfjárfesti þar sem vel skilgreindum aðferðum er beitt við ákvarðanatöku, mælingar, upplýsingamiðlun og áhættustýringu. Ítarleg fjárfestingastefna hefur verið samþykkt af stjórn og er í henni m.a. að finna eftirfarandi:


- Eignaflokkaskiptingar, háþösk og lágmörk innan flokka.
- Heimildir starfsmanna og reglur um eigin viðskipti þeirra.
- Ströng innri álagspróf.
- Lánareglur.

Að auki eru í fjárfestingastefnunni settar ýmsar skorður á áhættudreifingu safnsins, s.s. markmið um seljanleika (sjá mynd 2) og markmið um hlutföll innlendra og erlendra eigna (sjá mynd 3). Ljóst er að áhættudreifing í eignasafni TM er góð og yfirsýn yfir heildaráhættu safnsins skýr. Bótasjóðir félagsins eru því afar tryggir.

### Leiðandi fagfjárfestir


Mikið starf er fram undan á árinu 2011 við að undirbúa TM undir þær kvaðir sem Solvency II reglugerð Evrópusambandsins mun leggja á herðar váttryggingafélögum hvað fjárfestingastarfsemi og almenna áhættustýringu varðar. Flóknar reglur um gjaldpólsútreikninga ásamt viðamiklum kröfum um skýrslugjöf og skipulag innra starfs eru spennandi tækifæri til að bæta enn frekar starfsaðferðir við fjárfestingastarfsemi félagsins.

Það er markmið Tryggingamiðstöðvarinnar að vera leiðandi fagfjárfestir á Íslandi. Á árinu 2011 verða tekin stór og ákveðin skref í átt að því markmiði, viðskiptavinum og hluthöfum til hagsbóta.



■ Auðseljanlegar eignir 57%  
■ Aðrar eignir 43%

Mynd 2: Hlutfall auðseljanlegra eigna í lok árs 2010. Skilyrði til að eign teljist auðseljanleg er að hægt sé að losa hana innan 3ja virkra daga.



■ Innlendar eignir 86%  
■ Erlendar eignir 14%

Mynd 3: Hlutföll innlendra og erlendra eigna í lok árs 2010.





## Kjartan Vilhjálmsson Þróun tjónakostnaðar



Kjartan Vilhjálmsson,  
framkvæmdastjóri Tjónaþjónustu

### Ytri aðstæður hafa áhrif á tjónatiðni

Árið 2010 bar merki þeirra breytinga sem urðu haustið 2008. Almennt gildir að þróun í tjónum hangir mjög saman við aðstæður í efnahagslífinu; á sama hátt og þensla hefur almennt fremur neikvæð áhrif á tjónatiðni, þ.e. tíðni tjóna hækkað, hefur samdráttur öfug áhrif. Þetta er þó mjög breytilegt á milli váttryggingagreina.

Talsverður bati varð í afkomu ökutækjatrýgginga á árinu 2010 sem má m.a. rekja til ytri aðstæðna. Færri ökutæki, hátt eldsneytisverð og minni umferð hafa þau áhrif að árekstrum fækkað og þar með lækkað tíðni ökutækjatjóna. Hér er um áberandi breytingu að ræða frá fyrri árum.

### Samstarf við viðskiptavini skilar árangri

Verulegur bati í slysatryggingum sjómanna er sérstakt fagnaðarefni, en tjónaþjónusta TM hefur markvisst bætt samstarf sitt við váttryggðar útgerðir með reglubundnum fundum og nánara samstarfi og upplýsingamiðlun við vinnslu einstakra mála. Sú vinna hefur skilað áþreifanlegum árangri. Breytingar á atvinnumarkaði hafa sömuleiðis haft þau áhrif að meiri stöðugleiki er nú í mönnum áhafna og reyndari mannskapur um borð. Það skilar sér síðan í minni slyshættu, enda spilar mannlegi þátturinn stórt hlutverk í mörgum vinnuslysum. Þannig hafa ytri aðstæður, ásamt nánna samstarfi TM og útgerða, skilað sér í bættri afkomu.

### Fjölgun krafna í ábyrgðartryggingar sérfræðinga

Ábyrgðartryggingar eru á hinn bóginn dæmi um váttryggingagrein sem hefur þróast með óhagstæðum hætti vegna breyttra ytri aðstæðna. Til ársins 2009 voru kröfur vegna vinnuslysa áberandi, enda mikið framkvæmt á Íslandi og krafan um hraða getur haft í för með sér slyshættu. Síðustu tvö ár hefur slíkum málum stórléga fækkað en í staðinn hafa kröfur í ábyrgðartryggingar og starfsábyrgðartryggingar ýmissa starfsstétta aukist. Má þar t.d. nefna lögboðnar starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra og hönnuða þar sem tekist er á um galla í nýbyggingum. Með nokkurri einföldun mætti segja að kröfur vegna atvika sem urðu við framkvæmdir séu að mestu afgreiddar en nú sé tekist á um gæði framkvæmdanna.

Annað dæmi um váttryggingu sem reynt hefur á í kjölfar hrunsins er málskostnaðartrygging, sem bætir málskostnað viðskiptavina í einkamálum. Fjöldmörg mál hafa verið tilkynnt í tengslum við hrunið og afleiðingar þess, t.d. málssóknir í tengslum við peningamarkaðssjóði hinna föllnu banka, auk málareksturs sem tengist gölluðum fasteignum.

### Hvernig er þjónustan?

Þess má svo geta að allir sem fá afgreitt tjón hjá félaginu fá sent bréf frá framkvæmdastjóra Tjónaþjónustu þar sem viðtakanda er gefinn kostur á að hafa samband hafi hann einhverjar athugasemdir eða ábendingar vegna afgreiðslu málsins. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá viðskiptavinum TM og fjölmargir nota tækifærið til að koma á framfæri þökkum og hrósi til starfsmanna félagsins. Þessi viðbrögð og ummæli viðskiptavina TM voru notuð óbreytt í markaðsefni félagsins á árinu 2010.

## Óskar B. Hauksson Rekstrarkostnaður



Óskar B. Hauksson,  
framkvæmdastjóri Fjármála- og  
rekstrarsviðs

### Markvissar aðgerðir minnka rekstrarkostnað

Iðgjöld viðskiptavina þurfa bæði að standa undir tjónakostnaði og rekstrarkostnaði váttryggingafélaga og því er mikilvægt að þau séu rekin með hagkvæmum hætti. Algengt er að kostnaðarhlutfall (rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum) tryggingafélaga í heiminum sé á bilinu 15% til 25%.

Hjá Tryggingamiðstöðinni var kostnaðarhlutfallið á árinu 2010 18,6% og hefur það farið lækkandi frá 2007 þegar það var rúmlega 25%. Með markvissum aðgerðum á undanförunum árum hefur TM unnið að ýmiss konar hagræðingu til að ná niður rekstrarkostnaði og hefur hann lækkað að krónutölu þrjú ár í röð. Á sama tíma hefur verðlag hækkað um 30%.


### Starfsmenn taka þátt í sparnaðaraðgerðum

Til að ná þessum árangri hefur verið farið yfir alla kostnaðarliði í tengslum við áætlunargerð félagsins auk þess sem aflað hefur verið tilboða í stærstu rekstrarþætti. Lykilþáttur í kostnaðaraðhaldi er að allir starfsmenn TM eru nú mjög meðvitaðir um kostnað og sparnaði í rekstri. Mörgum tillögum og ábendingum frá starfsmönnum hefur verið hrint í framkvæmd. Ánægjulegt hefur verið að sjá hversu sparnaðurinn hefur dregið úr sóun og stuðlað að umhverfisvænni starfsemi TM.


### Fjárfestingar niðurgreiða ekki tryggingastarfsemi

Hagrætt hefur verið með flutningi verkefna á milli starfsmanna og í sumum tilvikum hefur ekki verið ráðið í stöður sem losna. Athyglisvert er að skoða launaþróun á milli árana 2009 og 2010 en segja má að ávinningur vegna fækkunar stöðugilda á árinu 2009 hafi horfið með hækkingu tryggingagjalds.

Lækkun rekstrarkostnaðar er mikilvægur þáttur í að ná samsettu hlutfalli (samanlagt hlutfall tjónakostnaðar og rekstrarkostnaðar af iðgjöldum) undir 100% en sá veruleiki blasir nú við að váttryggingafélög geta ekki lengur reitt sig á að tekjur af fjárfestingum niðurgreiði tryggingastarfsemi. Samsett hlutfall á öðrum Norðurlöndum hefur á undanförunum árum verið á bilinu 90% til 100% en yfirleitt hærra en 100% á Íslandi. TM hefur á undanförunum árum markvisst stefnt að því að ná sambærilegum árangri og önnur norræn váttryggingafélög og hefur það nú tekist með 95% samsettu hlutfalli.







# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

## Rekstur ársins 2010

Samstæðuársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (móðurfélags) og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“. Tilgangur samstæðunnar er að hafa með höndum hvers konar váttryggingar svo og fjárfestingarstarfsemi.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 765 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok 2010 nam 8.803 millj. kr. Eiginfjárlutfall félagsins var 29,9% í árslok og reiknað gjaldþolshlutfall móðurfélagsins nam 3,98. Þann 31. desember 2010 námu heildareignir félagsins 29.407 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar nemur hlutfé í árslok 1.082 millj. kr. og er 99,9% í eigu Stoða hf. Fjöldi hluthafa var í lok árs 2010 alls 49 en var 51 í upphafi árs.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna ársins 2010.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2010, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2010. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2010 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2011

Stjórn:



Eva B. Helgadóttir  
Júlíus Þorfinnsson  
Steinn Logi Björnsson

Forstjóri:



Sigurður Viðarsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2010, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. febrúar 2011

KPMG ehf.



Helgi F. Arnarson  
Jón S. Helgason

## Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld ársins		10.901.108	10.418.515
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(731.480)	(987.083)
<b>Eigin iðgjöld</b>	6	10.169.628	9.431.432
Fjármunatekjur	7	574.852	2.167.024
Gangvirðisbreytingar fjáreigna		716.676	1.128.064
Aðrar tekjur af fjárfestingum		71.627	63.960
<b>Fjárfestingartekjur</b>		1.363.155	3.359.048
Aðrar tekjur		34.870	6.436
<b>Heildartekjur</b>		11.567.653	12.796.916
Tjónakostnaður		(7.921.995)	(9.186.476)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði		128.012	327.656
<b>Eigin tjón</b>	8	(7.793.983)	(8.858.820)
Rekstrarkostnaður	9	(2.145.397)	(2.191.640)
Fjármagnsgjöld	11	(392.669)	(618.626)
Virðisrýrnun fjáreigna	12	(429.267)	(820.386)
<b>Heildargjöld</b>		(10.761.316)	(12.489.472)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		806.337	307.444
Tekjuskattur	13	(41.706)	(70.223)
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>		764.631	237.221
Hagnaður af aflagðri starfsemi	4	0	2.690.711
<b>Hagnaður ársins</b>		764.631	2.927.932
<b>Skipting hagnaðar</b>			
Hluthafar móðurfélags		764.580	2.917.401
Hlutdeild minnihluta		51	10.531
<b>Hagnaður ársins</b>		764.631	2.927.932

## Yfirlit um heildarafkomu 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Hagnaður ársins</b>		764.631	2.927.932
<b>Tekjur og gjöld utan rekstrarreiknings</b>			
Þýðingarmunur dótturfélaga		0	(5.502.636)
<b>Tekjur og gjöld utan rekstrarreiknings samtals</b>		0	(5.502.636)
<b>Heildarhagnaður (tap) ársins</b>		764.631	(2.574.704)
<b>Skipting heildarhagnaðar (taps)</b>			
Hluthafar móðurfélags		764.580	(2.585.235)
Hlutdeild minnihluta		51	10.531
<b>Heildarhagnaður (tap) ársins</b>		764.631	(2.574.704)

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir	14	679.213	736.316
Óefnislegar eignir	15	99.916	99.916
Útlán	17	4.144.311	5.966.306
Verðbréf	18	15.950.843	12.870.321
Skatteign	25	188.518	230.492
Eignir til sölu	16	1.071.184	1.070.262
Endurtryggingaeignir	19	342.545	308.755
Viðskiptakröfur	20	2.685.547	3.201.233
Handbært fé		4.244.452	3.993.088
<b>Eignir samtals</b>		<b>29.406.529</b>	<b>28.476.689</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé		1.081.639	1.081.639
Varasjóðir		6.827.135	6.827.135
Óráðstafað eigið fé		893.222	128.641
<b>Eigið fé hluthafa móðurfélags</b>		<b>8.801.996</b>	<b>8.037.415</b>
Hlutdeild minnihluta		1.371	1.320
<b>Eigið fé samtals</b>	21/22	<b>8.803.367</b>	<b>8.038.735</b>
<b>Skuldir</b>			
Víkjandi lán	23	3.994.276	3.884.741
Vátryggingaskuld	24	15.111.103	14.895.895
Skuldir vegna eigna haldið til sölu	16	784.581	851.923
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	26	713.202	805.395
<b>Skuldir samtals</b>		<b>20.603.162</b>	<b>20.437.954</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>29.406.529</b>	<b>28.476.689</b>

## Eiginfjárfirlit árið 2010

	Hlutfé	Varasjóðir	Pýðingar- munur	(Ójafnað) óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
Eigið fé 1.1.2009	1.081.639	6.827.135	5.502.636	(2.788.760)	181.873	10.804.523
Heildartap ársins			(5.502.636)	2.917.401	10.531	(2.574.704)
Keyptur hluti minnihluta					(191.084)	(191.084)
Eigið fé 31.12.2009	1.081.639	6.827.135	0	128.641	1.320	8.038.735
Eigið fé 1.1.2010	1.081.639	6.827.135	0	128.641	1.320	8.038.735
Heildarhagnaður ársins				764.580	51	764.631
Eigið fé 31.12.2010	1.081.639	6.827.135	0	893.221	1.371	8.803.367



	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins		764.631	2.927.932
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld í rekstri		(182.183)	(1.067.250)
Afskriftir og virðisrýrnun eigna		116.729	100.425
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(1.124)	(2.981)
Tap af aflagðri starfsemi		0	(3.022.924)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Útlán, breyting		1.809.687	1.217.309
Verðbréf, breyting		(3.080.522)	(3.363.168)
Skatteign, breyting		41.974	394.722
Endurtryggingaeignir, breyting		(33.790)	(4.980)
Skammtímakröfur, breyting		515.685	886.224
Aðrar eignir, breyting		(922)	(19.148)
Vátryggingaskuld, breyting		215.208	1.435.789
Skammtímaskuldir, breyting		(81.667)	(104.295)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		83.706	(622.345)
Innborgaðar fjármagnstekjur		587.158	1.305.174
Greidd fjármagnsgjöld		(400.244)	(235.029)
Greiddur tekjuskattur		(10.524)	(27.417)
Handbært fé frá rekstri		260.096	420.383
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Sala á dótturfélagi að frádregnu afhentu handbæru fé		0	785.103
Rekstrarfjármunir, breyting		(58.502)	(431.899)
Fjárfestingarhreyfingar		(58.502)	353.204
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Greiddur arður		0	(395)
Lántaka, breyting		49.770	(202.996)
Fjármögnunarhreyfingar		49.770	(203.391)
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		251.364	570.196
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>		3.993.088	3.422.892
<b>Handbært fé í lok árs</b>		4.244.452	3.993.088
<b>Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>			
Fjárfesting í fasteignum		0	914.525
Yfirtekin lán		0	(731.543)
Verðbréf		0	(182.982)

## 1. Almennar upplýsingar

Tryggingamiðstöðin hf. („Félagið“) er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Síðumúla 24 í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Stoða hf. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“. Aðalstarfsemi félagsins felst í váttryggingarekstri og fjárfestingum.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðla sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. staðfesti ársreikninginn þann 24. febrúar 2011.

### b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur félagsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

### c. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Samstæðureikningur þessi hefur því verið gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður úr athugun á greiðsluhæfi félagsins gefa til kynna að félagið hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

### d. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

### e. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 3q.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

### a. Grundvöllur samstæðu

#### I Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfiráð. Yfiráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfiráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfiráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

### II Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara eigna.

### b. Erlendir gjaldmiðlar

#### I Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Rekstrarkostnaður og sala í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags.

## c. Fjármálagerningar

### I Fjáreignir og fjárskuldir

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, lán, viðskiptakröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfiráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar félagsins sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

### II Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### III Verðbréf

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hafi þau verið skilgreind þannig við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

### IV Útlán og viðskiptakröfur

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar sem hafa

fyrir fram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðir á opinberum markaði.

Útlán eru færð þegar þau hafa verið greidd til lántakenda. Þau eru upphaflega færð á gangvirði, sem er upphafleg lánsfjárhæð að frádregnum viðskiptakostnaði, en eru eftir það færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Viðskiptakröfur sem stofnast hafa vegna váttryggingasamninga eru einnig flokkaðar meðal útlána og krafna. Útlán félagsins eru eignfærð með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölu í ársbyrjun næsta árs.

Útlán og viðskiptakröfur eru afskráð þegar greiðsluflæði þeirra stöðvast eða þegar samstæðan hefur flutt stærstan hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds annað.

### V Afskrifað kostnaðarverð

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum afborgunum höfuðstóls og að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afföllum sem fundnar eru með aðferð virkra vaxta á mismun upphaflegs verðs og uppgreiðsluverðmætis, að frádreginni virðisrýrnun.

### VI Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

### d. Rekstrarfjármunir

#### I Mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

#### II Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

# Skýringar

## III Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	25–50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	3–10 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstæði og breytt ef við á.

## e. Óefnislegar eignir

### Viðskiptavild

Yfirtökur fyrirtækja eru færðar samkvæmt kaup-aðferð. Viðskiptavild myndast við kaup á dótturfélögum. Viðskiptavild er mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Viðskiptavild er tengd fjárskapandi einingum og árlega er gert virðisrýrnunarpróf á henni.

Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

## f. Grundvöllur mats á gangvirði fjáreigna

### I Verðbréf

Verðbréf í efnahagsreikningi eru fjárfestingar í hluta-bréfum og skuldabréfum. Gangvirði skráðra verðbréfa er skráð markaðsverð þeirra á uppgjörstæði án þess að tekið sé tillit til sölukostnaðar sem gæti fallið til í framtíðinni.

Sé markaðsverð ekki skráð í kauphöll eða fánlegt hjá miðlara, er gangvirði fjármálagerningsins metið með matsaðferðum, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjáreigna, núvirt sjóðsflæði, verðmyndunarlíkan valréttta eða aðrar verðmatsaðferðir sem gefa til kynna áreiðanlegt mat á öðrum viðskiptum á markaði.

Þegar notast er við núvirta sjóðsflæðisaðferð við mat á gangvirði, er vænt framtíðarsjóðsflæði byggt á besta mati stjórnenda og ávöxtunarkrafa sem notuð er eru markaðsvextir sambærilegs gernings á

uppgjörstæði. Þegar önnur verðmyndunarlíkön eru notuð, eru forsendur matsins byggðar á upplýsingum af markaði á uppgjörstæði. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er metið, ef mögulegt er, með því að nota viðeigandi V/H hlutfall fyrir sambærileg skráð félög og er lagað að sérstökum aðstæðum útgefanda verðbréfanna.

## II Útlán og kröfur

Gangvirði útlána og krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er metið sem framtíðargreiðsluflæði núvirt með markaðsvöxtum á uppgjörstæði.

## III Fjárskuldir aðrar en afleiður

Gangvirði fjárskulda annarra en afleiða, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er byggt á höfuðstól og framtíðarflæði vaxtagreiðslna núvirt með markaðsvöxtum á uppgjörstæði.

## g. Vátryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

## I Vátryggingasamningar – skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er áhætta sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, svo sem vegna eignatjóns, slyss, sjúkdóms eða andláts.

## II Vátryggingasamningar – flokkun

Vátryggingasamningar félagsins flokkast í skaðatryggingar og líftryggingar.

### Skaðatryggingar

Vátryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga varða ábyrgðartjón, slysatjón og eignatjón.

Ábyrgðartryggingar bæta tjón sem hinn vátryggði veldur þriðja aðila. Slysatryggingar bæta tjón sem hinn vátryggði verður fyrir vegna slyss.

Eignatryggingar greiða aðallega bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig innheimt bætur vegna tekjutaps ef tjón eigna veldur því að eignirnar nýtast ekki í rekstri.

### Líftryggingar

Þessir vátryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna sjúkdóma.

## III Vátryggingaskuld

Félagið metur hvort vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar félagsins með því að meta framtíðarfjárflæði vátryggingaskuldar. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi.

## IV Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættuna umfram umsamda fjárhæð. Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga er hlutdeild þeirra í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem færð eru í rekstrarreikning við endurnýjun samninganna.

## h. Eigið fé

### Hlutfé

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært sem til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

### Arðgreiðslur

Arðgreiðslur af hlutfé eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af aðalfundi.

## i. Virðisrýrnun eigna sem ekki teljast til fjáreigna

Bókfært verð eigna félagsins er kannað á hverjum uppgjörstæði til að meta hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef svo reynist, er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Endurheimtanleg fjárhæð viðskiptavildar og óefnislegra eigna sem ekki hafa skilgreindan líftíma er metin á hverjum uppgjörstæði.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið

miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni. Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópi eigna.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörstæði til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

## j. Virðisrýrnun fjáreigna

Á hverjum uppgjörstæði er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega. Virðisrýrnun fjáreigna er gjaldfærð í rekstrarreikning.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna, þar á meðal hlutabréfa, geta verið greiðslufall eða vanræksla lántakenda, skilmálabreytingar lánveitinga eða fyrirgreiðslna samstæðunnar á kjörum sem samstæðan myndi annars ekki veita, vísbendingar um að lántaki eða útgefandi verðbréfa stefni í gjaldprot, að virkur markaður sé ekki lengur til staðar fyrir verðbréf, eða önnur sjáanleg gögn vegna hóps

# Skýringar

eigna eins og óhagstæðar breytingar á greiðslugetu lántakenda eða útgefanda verðbréfa samstæðunnar, eða efnahagslegar aðstæður séu til staðar sem eru í samhengi við greiðslufall innan samstæðunnar.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

## k. Tekjur og gjöld af váttryggingastarfsemi

### I Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádregnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

### II Tjón

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynnta óuppgerðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

## I. Tekjur og gjöld af fjárfestingum

